

Bjarki Bjarnason

Kirkjurnar í Dalnum

Saga Mosfellskirkju í Mosfellsdal snýst um guðshús sem risu og hurfu í aldanna rás og áttu samleið með mannlífinu í héraðinu allt frá kristnitöku. Saga þessi er þó ekki samfelld, um ár og jafnvel aldir var engin kirkja í dalnum og ein þeirra stóð þar aðeins í örfáa áratugi. Þá var hún ofan tekin og leið hátt í öld þar til sú kirkja var reist sem nú prýðir grasi vaxinn bæjarhólinn.

Til að ná tangarhaldi á þessari kirkjusögu hverfum við fyrst þúsund ár aftur í tímann og blöðum í Egilssögu Skallagrímssonar sem greinir þannig frá fyrstu kirkju dalsins: „Grímur [Svertingsson] að Mosfelli var skírður, þá er kristni var í lög leidd á Íslandi; hann lét þar kirkju gera. En það er sögn manna, að Þórdís [Þórólfsdóttir] hafi látið flytja Egil til kirkju, og er það til jartegna, að síðan er kirkja var gerð að Mosfelli, en ofan tekin að Hrísrú sú kirkja, er Grímur hafði gera látið, þá var þar grafinn kirkjugarður. En undir altarisstaðnum, þá fundust mannabein; þau voru miklu meiri en annarra manna bein. Þykjast menn það vita af sögn gamalla manna, að mundu verið hafa bein Egils.“

Ekki hafa varðveist aðrar heimildir um kirkjuna á Hrísrú en þar er að finna örnefnið Kirkjuhól sem var helsti leiðarvísir vísindamanna þegar þeir hófu þar fornleifauppgröft kringum síðustu aldamót. Árangurinn lét ekki á sér standa, þar fannst kirkjugarður með jarðneskum leifum margra

einstaklinga og einnig grunnur fornrar kirkju sem var 6,8 metrar að lengd. Norðan við hólinn fundust rústir af 25 metra löngum skálabæ.

Samkvæmt Egilssögu voru bein skáldsins og kirkjan flutt að Mosfelli á 12. öld, í tíð fyrsta prests Mosfellinga sem kunnugt er um: „Þar var þá Skafti prestur Þórarinsson, vitur maður; hann tók upp hausinn Egils og setti á kirkjugarðinn; var hausinn undarlega mikill, en hitt þótti þó meir frá líkindum, hve þungur var; hausinn var allur báróttur utan svo sem hörpuskel. Þá vildi Skafti forvitnast um þykkleik haussins; tók hann þá handöxi vel mikla og reiddi annarri hendi sem harðast og laust hamrinum á hausinn og vildi brjóta, en þar sem á kom, hvítnaði hann, en ekki dalaði né sprakk, og má af slíku marka, að haus sá mundi ekki auðskaddur fyrir höggum smámennis, meðan svörður og hold fylgdi. Bein Egils voru lögð niður í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli.“

Þegar Egilssögu sleppir tekur við löng eyða í kirkjusögu Mosfellsdals og er lítið vitað um kristnihald í dalnum á síðmiðöldum. Ekki er ljóst hvaða dýrlingi Mosfellskirkja var helguð, máldagar (= eignaskrár) kirkjunnar hafa ekki varðveist og um 350 ára eyða er í prestatali Mosfellinga. Jörðin var í einkaeign og á 15. öld í eigu Ólafar ríku Loftsdóttur á Skarði á Skarðsströnd. Jafnvel er talið hugsanlegt að Mosfell hafi verið aflagt sem kirkjustaður um skeið og dalbúar þá sótt kirkju að Varmá eða Suður-Reykjum.

Eftir siðskiptin á 16. öld er saga staðarins í skarpara ljósi og nöfn allra Mosfellspresta þekkt. Líkt og aðrir prestar fengust þeir við búrekstur en Mosfell þótti fremur rýrt brauð. Þjóðbraut lá um bæjarhlaðið sem skapaði gestanauð og þótt jörðin væri landmikil voru hlunnindi ekki stórkostleg; staðurinn átti ekki land að sjó en helstu búdrýgindin voru laxveiði í Leirvogsa. Hjáleigur Mosfells voru lengstum aðeins tvær, Hytta og Bakkakot, en annars er bújörðinni lýst þannig í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá upphafi 18. aldar:

*Beneficium og kirkjustaður.
Jarðardýrleiki óviss.*

*Ábúandi er staðarhaldarinn Sr. Þórður Konráðsson.
Landskuld engin.
Húsum og kirkju viðheldur staðarhaldarinn.
Leigukúgildi eru hjer engin. En kirkjunnar kúgildi eru ix, af
hvörjum staðarhaldarinn uppber ávöxtu og heldur ábyrgð yfir. Eru 6 af
þeim heima á staðnum.
Kvaðir eru öngvar.
Kvikfjenaður viii kýr, i kvíga tvævetur, i veturgömul, i naut
veturgamalt, i kálfur, xx ær með lömbum, i geld, iii sauðir þre vetrir, iii
tvævetrir, xiii veturgamlir, iii hestar, i hross, ii únghryssi tvævetur.
Fóðrast kunna viii kýr, ii úngneyti, i hestur til eldis.
Heimilismenn xi.
Torfrista og stúnga lök.
Mótak til eldiviðar bjarglegt og tekur að þverra heima, er þó að
menn meina varanlegt, þó nokkru fjær sje.
Laxveiði á staðurinn í Leirvogsa, sem fellur eftir Stardal.
Engjar liggja undir beitar átrodningi, sem ekki verður við varað.
Landþröng er mikil.
Selstöðu á staðurinn undir Grímarsfelli.
Vetrarríki mikið.
Stórviðrasamt mjög so hætt er bæði húsum og heyjum.
Skriða hefur gjört á túninu skaða til stórmeina.*

Samkvæmt jarðabókinni voru fjórar kirkjur í Mosfellshreppi við upphaf 18. aldar, í Gufunesi, á Mosfelli, á Suður-Reykjum og í Viðey. Sóknarpresturinn á Mosfelli þjónaði öllu sveitarfélaginu sem náði niður að Elliðaám fram á 20. öld. Hreppurinn skiptist í Mosfellssókn og Gufunessókn og auk þess voru bæir í Kjalarneshreppi austan Kleifa í Kollafirði í Mosfellssókn.

Á seinni hluta 18. aldar var hugað að breyttri sóknarskipan á þessu landsvæði. Prestssetrið á Mosfelli þótti ekki nógu vel í sveit sett; þegar messað var í Gufunesi varð presturinn að fara yfir þrjár ár sem gátu verið farartálmi (Kaldakvísl, Varmá og Úlfarsá). Því var lagt til að Mosfells- og Gufunessóknir yrðu sameinaðar; er skemmst frá því að segja að

fallist var á þessa hugmynd en hún lagðist síðan í dvala í rúma öld.

Á ofanverðri 19. öld dró loks til tíðinda í þessum eignum. Þá stóð timburkirkja á Mosfelli, vígð árið 1852, og var henni jafnað við jörðu; Gufuneskirkja fór sömu leið og ný kirkja var reist að Lágafelli, miðsvæðis í sveitarfélaginu. Sóknirnar tvær voru sameinaðar undir nafninu Lágafellssókn og sóknarpresturinn flutti að Lágafelli.

Þetta gekk þó ekki þrautalaust því andstaðan gegn niðurrifi Mosfellskirkju varð svo öflug að rætt var um *kirkjustríð* í Mosfellsdal. En ákvörðun yfirvalda varð ekki haggð og var Lágafellskirkja vígð árið 1889. Þangað áttu helgigripirnir úr Mosfellskirkju að fara en skiluðu sér ekki allir í hús. Guðrún Jónsdóttir (1852-1936) vinnukona í Mosfellsdal var mjög andvíg niðurrifi kirkjunnar og hún geymdi kaleik hennar allt til dauðadags. Kirkjuklukkan var einnig tekin traustataki og varðveitt á Hrísrú þar sem fyrsta kirkja dalsins hafði risið tæpum níu öldum fyrr.

En nú þarf að botna söguna um endurreisn Mosfellskirkju sem er einstök í sinni röð. Á Hrísrú ólst upp Stefán Þorláksson (1895-1959) frá sex ára aldri; þar sá hann hina fornu kirkjuklukku og þekkti vel söguna um kirkjuna sem hvarf af hólnum. Stefán auðgaðist um sína daga, meðal annars af sölu á heitu vatni og með erfðaskrá sinni gaf hann eigur sínar til endurreisnar Mosfellskirkju; þannig uppfyllti hann gamlan draum Mosfellinga.

Halldór Laxness (1902-1998) nýtti sér þetta söguefni í bókinni Innansveitarkroniku sem kom út árið 1970; í raun hverfist öll bókin um Mosfellskirkju svo segja má að hún sé „aðalpersóna“ verksins, þar segir í lokakafla: „4ða apríl 1965 þegar Mosfellskirkja hin nýja var vígð, gjöf Stefáns Þorlákssonar, ein fegurst kirkja og best búin sem nú stendur á Íslandi, þá bárust henni ýmsar veglegar gjafir. Flestar komu gjafir þessar frá ættmennahópum í sókninni, niðjum þeirra manna er fyrir eina tíð höfðu séð kirkju sinni er þeir trúðu á jafnað við jörð hér á hólnum. Ný kynslóð fagnaði nú kirkju lángfeðga sinna er hún var aftur risin á þessum sama hól ...“

Ragnar Emilsson (1923-1990) arkitekt teiknaði Mosfellskirkju sem er steinsteypt með koparklæddu þaki og turni. Þríhyrningsformið er ráðandi í byggingunni og vísar til heilagrar þrenningar og kirkjuskipið, sem minnir á skip að lögun, hefur margfalda tilvísun, jafnvel til Egils Skallagrímssonar sem sigldi um lífsins ólgusjó á víkingaskipi.

Helgigripir úr fyrri kirkjum á Mosfelli eru komnir til síns heima á ný. Kaleikurinn, sem Guðrún Jónsdóttir varðveitti, er vel geymdur í skruðhúsinu og hin forna klukka prýðir kór kirkjunnar. Henni er jafnan hringt við athafnir og minnir okkur um leið á langa og merka sögu, í Innansveitarkroniku segir: „Það er einginn efi á því að þessi klukka geymir hljóð síðan úr fornöld. Presturinn sagðist ætla að hríngja henni sjálfur við barnaskírnir af því hljómurinn í henni væri svo fallegur meðan hann væri að deya út. Þetta er lítil klukka; hæð, utanmál, 34 cm; þvermál 24 cm. Tónn hennar er mikill í sér, langur og skær og dvín titrandi.“

Mosfellskirkja tekur tæpt hundrað manns í sæti og jafnan er messað þar síðasta sunnudag hvers mánaðar. Sóknarprestur Lágafellssóknar situr á Mosfelli og um síðustu aldamót var nýr prestsbústaður tekinn í notkun, teiknaður af Knúti Jeppesen (1930-2011). Árið 1999 var nýr kirkjugarður vígður vestan kirkjunnar þar sem áður stóð hjáleigan Hytta.

Þrír minnisvarðar eru að Mosfelli; á hæð norðan kirkjunnar er áletraður steinstöpull, tileinkaður Magnúsi Grímssyni (1825-1860) sem var prestur á Mosfelli og meðal annars þekktur fyrir þjóðsagnasöfnun sína. Nær kirkjunni er brjóstmynd af Ólafíu Jóhannsdóttur (1863-1924) sem fæddist á Mosfelli og starfaði mikið að framfara- og mannúðarmálum, einkum í Noregi. Við inngang kirkjunnar er brjóstmynd eftir Sigurjón Ólafsson (1908-1982) af Stefáni Þorlákssyni. Stefán þótti enginn sérstakur trúmaður og segir í Innansveitarkroniku að hann „... muni hafa verið álíka trúlaus og Konstantín mikli sem þó sannanlega bjargaði kristindóminum.“

Svona getur gangur sögunnar tekið á sig skemmtilegar myndir.